Mötuneyti safnaðanna.
4 blöð. 



## Mötuneyti safnaðanna.

Eins og kunnugt er, héldu Dómkirkju- og Fríkirkju-söfnuðirnir hér í Reykjavík almennan fund í Fríkirkjunni sunnudaginn 18. þ. m. Á þeim fundi var endurkosin 14-manna nefnd sú, er starfið hafði á hendi í fyrravetur og 3 menn að auki. Nefnd þessi hefir nú ákveðið að hefja starfsemi sína upp úr næstu mánaðamótum og til að byrja með að láta hana fara fram í Franska spítalanum við Lindargötu eins og í fyrra og með líku fyrirkomulagi sem þá var.

Sigurður Halldórsson trésmiður, Gísli Sigurbjörnsson kaupmaður og Magnús V. Jóhannesson fátækrafulltrúi hafa verið kosnir í framkvæmdanefnd mötuneytisins nú, eins og í fyrra.

Þá hefir og önnur nefnd verið kosin í sambandi við mötuneytið og á hún að hafa á hendi athuganir um fræðslu atvinnulausra unglinga hér í bænum í vetur. Í þá nefnd voru kosin Ásmundur Guðmundsson háskólakennari, Arngrímur Kristjánsson kennari og Halldóra Bjarnadóttir kennari.

Saumastofa sú, er stóð í sambandi við mötuneytið í fyrra og frú Jónína Jónatansdóttir hafði þá forstöðu fyrir, verður einnig starfrækt í vetur, með líku sniði og sömu forstöðukonu. Reynslan af þeirri starfsemi í fyrra, sýndi það, að hún var bæði bráðnauðsynleg og kom mörgum klæðlitlum börnum og foreldrum þeirra að góðu gagni, því henni bárust miklar gjafir af nýju efni og notuðum fatnaði, sem saumað var úr og

gefins

lagfært af sjálfboðaliði ýmsra góðra kvenna endurgjaldslaust, og síðan útbýtt meðal margra fátækra barna og heimila hér í bænum; svo mun og verða í vetur.

Loks má benda á þad, ad í rádi er, ad mötuneytid reyni eftir megni og því sem ástædur leyfa ad verda millilidur milli sveitamanna og þeirra manna hér í bænum, sem atvinnulausir eru og vilja fá vinnu í sveit um lengri eda skemri tíma í vetur með útvegun vista og vinnu í sveit. Hefir Jón Pálsson fyrv. bankagjaldkeri lofad ad taka á móti beidnum manna í þessu skyni frá hálfu hvors adilja sem er og má búast vid ad þad verdi vel notad af beggja hálfu nú, er atvinnuleysid er svo adþrengjandi sem þad er.

Sídastl. vetur úthlutadi mötuneytid nál. 12600 máltídum og kostadi hver þeirra tæpa 60 aura. Um 2400 lítrum mjólkur var útbýtt medal fátækra barna og fullordinna. Peninga- og matvæla-gjafir, sem mötuneytinu bárust í fyrra numdu fullum 6000 króna.

Því er ekki ad neita, ad útlitid um afkomu manna hér í bænum um þessar mundir er dapurlegt mjög og þörfin fyrir vetrarhjálp nú miklu meiri og almennari en nokkru sinni ádur. Er því þess ad vænta, ad allir þeir, er á einhvern hátt geta styrkt mötuneytid med peningagjöfum, matvælum, fötum eda fataefnum, sýni því hina sömu fórnfýsi og velvild sem í fyrra. Hvadeina og hversu lítid sem er mun verda med þökkum þegid og því rádstafad svo vel sem unt er. Framkvæmdanefndin mun veita því öllu vidtöku og kvitta fyrir þad, med fyrirfram þakklæti til gefendanna.

## Mötuneyti safnaðanna.

Á fundi, sem haldinn var í Fríkirkjunni sunnudaginn 18. þ. m., var endurkosin nefnd sú er sá um starfið í fyrra, 14 menn, og 3 bætt við á þeim fundi, svo að nú er það 17 manna nefnd sem tekið hefir að sér starfið í vetur. Verður það með líku fyrirkomulagi og í fyrra og til að byrja með, hefir verið ákveðið að hefja starfsemina í Frakkneska spítalanum nú upp úr mánaðamótunum næstu.

Nefndin hefir kosið framkvæmdanefnd, hina sömu sem í fyrra, þá Sigurð Halldórsson trésmið, Gísla kaupm. Sigurbjörnsson og Magnús V. Jóhannesson fátækrafulltrúa.

Í sambandi við mötuneytið hefir og önnur nefnd verið kosin, er hefir á hendi athugun um fræðslu atvinnulausra ungmenna hér í bænum og eru í þeirri nefnd Ásmundur Guðmundsson háskólakennari, Arngrímur Kristjánsson kennari og Halldóra Bjarnadóttir kennari.

Eins og í fyrra verður saumastofa einnig í sambandi við mötuneytið í vetur. Starfsemi þessi var eigi síður nauðsynleg þó en mötuneytið sjálft, því þar fékk margur klæðlítill maðurinn og konan en einkum þó börn marga góða flíkina gefins, saumaða og lagfærða úr notuðum fatnaði og nýju efni, sem stúlkur unnu endurgjaldslaust og hafði frú Jónína Jónatansdóttir úthlutun fatanna á hendi

og svo mun og verða í vetur.

Síðastl. vetur úthlutaði mötuneytið nál. 12600 máltíðum, og kostaði hver máltíð tæpa 60 aura. Peninga- og matvæla-gjafir, sem mötuneytinu bárust í fyrra námu fullum 6 þús. króna. Mjólkurgjafir, sem sendar voru út um bæinn, voru nál. 2400 lítrar 2.

Loks má benda á það, að í ráði er, að mötuneytið reyni eftir megni að vera milliliður milli bænda og þeirra manna hér í bænum sem atvinnulausir eru og vilja fá haust- eða vetrar-vinnu um lengri eða skemri tíma. Hefir Jón Pálsson fyrv. bankagjaldkeri lofað að taka á móti beiðnum manna í þessu skyni frá hálfu hvors aðila sem er, og má búast við að það verði vel notað. Því er ekki að neita, að útlitið um afkomu manna hér í bænum er dapurlegt og þörfin fyrir vetrarhjálp nú, er miklu meiri en nokkru sinni áður. Er þess því vænst, að allir þeir, er á einhvern hátt geta styrkt mötuneytið með peningagjöfum, matvælum, fötum eða fataefnum, sýni því hina sömu velvild sem í fyrra. Hvaðeina, og hversu lítið sem er, mun verða með þökkum þegið og því ráðstafað svo vel sem unt er. Framkvæmdanefndin veitir því öllu viðtöku og kvittar fyrir, með fyrirfram þakklæti til gefendanna.